

Nd.

544. Nefndarálit

[166. mál]

um frv. til laga um tollvörugæymslur o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til meðferðar og rætt efni þess á einum fundi. Á fundinum mættu auk nefndarmanna Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri og Unnsteinn Beck tollgæzlustjóri, en þeir áttu sæti í nefnd þeirri, sem undirbjó frumvarpið. Veittu þeir nefndarmönnum ýmsar upplýsingar varðandi tilgang og efni frumvarpsins. Nefndarmenn voru allir sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins, sökum þess að í því fælist bætt þjónusta við innflytjendur og einnig gæti þessi háttur á tollafgreiðslu verið iðnaðarframleiðendum til hagsbóta og stuðlað að auknum útflutningi á íslenskum iðnaðarvarningi. Þá felast og í frumvarpinu ákvæði, sem eru íslenskum skipa- og flugfélögum til verulegrar fyrirgreiðslu. Við undirritaðir teljum því, að með frumvarpi þessu sé stefnt í rétta átt, enda horfið að svipuðu fyrirkomulagi og allengi hefur tíðkast hjá nágrannaþjóðum okkar og þótt gefa góða raun. Við leyfum okkur því að mæla með, að frumvarp þetta verði samþykkt. — EOI var fjarverandi á fundi þeim, sem málið var afgreitt á.

Alþingi, 27. maí 1960.

Birgir Kjaran,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.
Jóhann Hafstein.

Skúli Guðmundsson.